

Framleiðsluaukning Landeldis ehf. í Ölfusi

Matsáætlun

20. október 2021



Landeldi



Titill

Framleiðsluaukning Landeldis ehf. í Ölfusi: Matsáætlun

Höfundar

Haraldur Snorrason, Ingi Karl Ingólfsson og Ingólfur Snorrason.

Verkefnisstjórn

Haraldur Snorrason.

Samstarfsaðilar og ráðgjafar

Halldór Ólafur Halldórsson og Stefán Ágústsson.

Dagsetning

20. október 2021. Leiðrétt með tilliti til athugasemda Skipulagsstofnunar.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Markmið með verkefninu	1
2	Matsskylda	1
2.1	Lagaumhverfi framkvæmdar	1
2.2	Tímaáætlun við mat á umhverfisáhrifum	2
3	Staðsetning	2
3.1	Önnur fiskeldisstarfsemi við Þorlákshöfn	3
4	Framkvæmdir og mannvirki	4
4.1	Eldisker	5
4.2	Vatnsmiðlun	5
4.3	Súrefnistankar	5
4.4	Fóðursíló og fóðurgeymslur	5
4.5	Borholur fullsalts eldisvökva	5
4.6	Borholur fyrir vatnstöku ferskvatns	5
4.7	Vatnslagnir	5
4.8	Frárennslis- og útrennslislögn	5
4.9	Aðkomuvegir	5
4.10	Vegagerð, plön og efnistaka	6
4.11	Flutningar á framkvæmdatíma	6
4.12	Aðstaða fyrir starfsmenn á framkvæmdartíma	6
5	Eldispættir	6
6	Orka og hráefni	6
6.1	Raforkuþörf	6
6.1.1	Tenging við dreifikerfi rafmagns	7
6.1.2	Varaafli	7
6.2	Fiskeldisfóður	7
6.2.1	Fóðurnýting	7
6.2.2	Fóðurnotkun	7
6.3	Vatnsbúskapur og nýting	7
6.3.1	Vatnskerfi í fiskeldi	7
6.3.2	Eldisvatn	7
7	Úrgangur og förgun	7
7.1	Úrgangur frá starfsmannaaðstöðu.	8
7.2	Úrgangur í formi dauðs fisks og slógs	8
7.3	Frásíður lífrænn úrgangur	8
7.4	Losun lífræns úrgangs í viðtaka	8
7.5	Ólífrænn úrgangur	8
8	Umhverfi og náttúruvá	8
8.1	Skjálftavirkni	8
8.2	Ferskvatnsflóð	9
8.3	Sjávarflóð	9
8.4	Sandfok	9
9	Skipulag og eignarhald	9

10	Mat á umhverfisþáttum	9
10.1	Áhrifasvæði framkvæmdar og reksturs	9
10.2	Áhrifaþættir framkvæmdar	10
10.3	Umhverfisþættir	10
10.4	Vægiseinkunnir umhverfismats	11
10.5	Flokkar og áherslur mats á umhverfisáhrifum	11
10.5.1	Ferðaþjónusta, útivist og íþróttir	11
10.5.2	Förgun úrgangs, annars en fráveitu frá eldinu	12
10.5.3	Grunnvatn	12
10.5.4	Landslag og ásýnd	12
10.5.5	Lífriki fjöru	12
10.5.6	Losun næringarefna í viðtaka	13
10.5.7	Samfélag	13
10.5.8	Samlegð með annarri fiskeldisstarfsemi á svæðinu	14
10.5.9	Slyasleppingar laxfisks út í villta náttúru	14
10.5.10	Smit og sjúkdómavarnir	14
11	Kynning og samráð	14
	Heimildir	15

1 Inngangur

Í þessari skýrslu eru sett fram drög að tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar stækkunar og framleiðsluaukningar fiskeldisstöðvar Landeldis að Laxabraut 21, 23 og 25 í Ölfusi. Matsáætlun er vísir að verkáætlun um hvernig vinna við umhverfismat mun fram fara. Í skýrslunni verður framkvæmdin kynnt og settar fram upplýsingar um umfang og áherslur er varða mat á umhverfisáhrifum. Fiskeldisstöðin er staðsett á iðnaðarlóð um 1,5 km vestur af þéttbýlinu í Þorlákshöfn og samanstendur hún af seiðastöð og áfram eldisstöð. Eigandi stöðvarinnar er Landeldi ehf. Í ágúst 2020 samþykkti Skipulagsstofnun mat Landeldis á umhverfisáhrifum vegna eldis á 3.450 tonna lífmassa á lóðinni og verið er að vinna að umsóknum um starfs- og rekstrarleyfi. Sótt er um 9.050 tonna aukningu á lífmassa innan sömu eldisstöðvar. Aðstæður í Þorlákshöfn eru afar hagstæðar þegar kemur að aðgengi að jarðsjó og sterkir straumar og mikill sjógangur við útrás tryggir jafnframt hraða þynningu næringarefna og kemur í veg fyrir hvers konar uppsöfnun við útrás. Áætlað er að jarðvegsframkvæmdir hefjist sumarið 2021. Lóð félagsins er rúmir 18 ha og stefnir félagið nú á frekari uppbyggingu stöðvarinnar og aukningu í framleiðslu. Fyrirhuguð stækkun ber brátt að en eftirspurn eftir laxi úr landeldi hefur aukist hraðar en búist var við. Undanfarið hafa neytendur gert sér betur grein fyrir mikilvægi þess að velja vöru með sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum og því sé eftirspurn eftir landeldislaxi að vaxa mjög hratt. Félagið stefnir á að auka framleiðslugetu upp í allt að 22.000 tonn á ári þannig að standandi lífmassi verði nokkuð stöðugur yfir árið eða um 12.500 tonn. Til þess þarf að reisa eldisker, stækka aðstöðu til slátrunar og þjónustuhúss innan lóðar. Framleiðsluaukningin kallar á aukna vatnstöku og verður hún fyrst og fremst í formi fullsalts jarðsjávar 15.000 l/s auk ferskvatnstöku upp á 200 l/s er tryggja mun þörf reksturs á sjó gönguseiðum.

1.1 Markmið með verkefninu

Markmiðið er að framleiða lax í landkerjum sem umhverfsvottaða og vistvæna vöru í sem mestri sátt við vistkerfi og umhverfið. Landeldi sér umtalsverð tækifæri í því að auka enn á samkeppnishæfni félagsins með því auka framleiðslugetu og nýta lóð félagsins að Laxabraut til fulls. Á sama tíma að auka gjaldeyrstekjur og fjölga störfum. Stöðug aukning hefur verið á eftirspurn eftir laxfiski í heiminum og kemur Landeldi til með að leggja mikla áherslu á sjálfbærni í framleiðslu og gæði afurða. Það er mat Landeldis að aðferðin verði eins sú vistvænasta í laxaframleiðslu í heiminum. Þar vega tvær breytur stærst þ.e. jarðsjórinn sem er náttúrlega síaður í gegnum bólstraberg og umhverfsvæna rafmagnsnotkun til uppdælingar.

2 Matsskylda

Innan 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum eru framkvæmdir sem falla í flokk A ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum, en í flokk B eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er metið hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Tilkynna skal til Skipulagsstofnunar framkvæmdir í flokki B. Matið er unnið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Um er að ræða þau leidi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita er til sjávar og fellur það undir flokk B. Hins vegar fer einnig fram vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn með 300 l/sek. meðalrennsli eða meira á ári, þ.e. framkvæmd sem ávallt er háð umhverfismati, með vísan til tölulíðs tl. 10.24 í 1. viðauka laganna.

2.1 Lagaumhverfi framkvæmdar

- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

- Lög um fiskeldi nr. 71/2008.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Lög um brunavarnir nr. 75/2000.
- Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.
- Lög um varnir gegn fiskisjúkdómum nr. 60/2006.
- Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.
- Lög um menningaminjar nr. 80/2012.
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit.
- Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Leyfi sem liggja þurfa fyrir áður en uppbygging/framleiðsla hefst:

- Álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmda.
- Nýtingarleyfi Orkustofnunar vegna vatnstöku.
- Bygginga- og framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Ölfuss.
- Starfsleyfi Umhverfisstofnunar.
- Rekstrarleyfi Matvælastofnunar.
- Leyfi Orkustofnunar til uppsetningar og reksturs varaafsstöðva skv 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003.
- Virkjunarleyfi Orkustofnunar vegna hugsanlegrar virkjunar affalls sbr. 8 tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005.
- Starfsleyfi Matvælastofnunar skv. lögum 93/1995 um matvæli vegna fyrirhugaðs reksturs laxfiska slátrunar.


2.2 Tímaáætlun við mat á umhverfisáhrifum

Unnið verður að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar samkvæmt neðangreindri matsáætlun. Þá er tímarámi einstakra þátta í umhverfismatinu lögbundinn fyrir Skipulagsstofnun sem stjórnvalds. Tímaáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum vegna 9.050 tonna aukningar á hámarkslífmassa strandeldisstöðvar Landeldis ehf. í Ölfusi er eftirfarandi.

- Drög að tillögu að matsáætlun auglýst í fjölmiðlum og á heimasíðu Landeldis 12. apríl 2021
- Íbúakynning á framkvæmdinni í Þorlákshöfn. Auglýst þegar að því kemur.
- Tillaga að matsáætlun, með svörum við aths., send inn til Skipulagsstofnunar 30. apríl 2021
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun birt síðari hluta árs 2021.
- Umhverfismatsskýrslu skilað inn til Skipulagsstofnunar undir lok árs 2021.

3 Staðsetning

Framkvæmdarsvæðið er innan 18,3 hektara lóðar Laxabrautar 21, 23 og 25, sem staðsett er við sjóinn innan skipulagðs iðnaðarsvæðis suðvestan Þorlákshafnar innan sveitarfélagsins Ölfus. Á mynd 1 má sjá 1. áfanga sem lokið hefur umhverfismatisferli.



Mynd 1: Teikning af fyrri áfanga, eldi með 3.450 tonna lífmassa á lóð Landeldis, Laxabraut 21-25. Þessi fyrri áfangi hefur lokið umhverfismati.

Lóðin liggur sunnan við aðkomuveg sjávarlóða iðnaðarsvæðisins, Laxabraut, rúma 1.700 metra vest-suðvestur af þeim byggðarkjarna Þorlákshafnar er næst athafnarlóð stendur, þ.e. Pálsbúðar. Staðsetning framkvæmdarlóðar er nokkurn veginn mitt á milli starfsstöðva Laxa Fiskeldis, sem er sú stöð er vestast stendur af þeim þremur fiskeldisstöðvum er starfsemi hafa við Þorlákshöfn og gamallar fiskeldisstöðvar Fjörfisks við Keflavík. Heildarstærð framkvæmdarlóðarinnar er 18,3 hektarar af stærð og nær gróflga yfir svæðið ofan Hella milli Þyrsklingsnefs í austri og Hleina í vestri. Lengd lóðarinnar meðfram sjónum frá austri til vesturs er um 530 metrar og hæð inn til lands, frá sjó, um 302 metrar. Aðkoma er að austanverðu, annarsvegar að austanverðu um Óseyrarbraut og Hafnarskeið inná Nesbraut og eftir Laxabraut og hins vegar að norðaustan gegnum þorpið um Hafnarberg og Biskupabúðir til austurs eftir Laxabraut inn að lóðinni.

3.1 Önnur fiskeldisstarfsemi við Þorlákshöfn

Þrjár fiskeldisstöðvar eru með rekstur austan framkvæmdarsvæðis Landeldis ehf. Talið frá vestri til austurs: Laxar Fiskeldi, Náttúra fiskirækt og Íspór, sjá mynd 2.




Mynd 2: Eldisstöðvar sunnan við Þorlákshöfn.

4 Framkvæmdir og mannvirki

Framkvæmdir snúa að byggingu seinni áfanga landeldisstöðvar Landeldis ehf. að Laxabraut í Ölfusi. Framkvæmdir verður öll innan lóðar Laxabrautar 21, 23 og 25 sem er innan iðnaðarsvæðisins við Laxabraut, vestan Þorlákshafnar. Áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdir hefjist um mitt ár 2022 og framkvæmdartími verði um 2 ár. Tíminn milli loka umhverfismats og fram að upphafi verklegra framkvæmda verður nýttur í fullnaðarhönnun framkvæmdarinnar sem byggir á þeirri grunnhönnun er sett verður fram í umhverfismatsskýrslu. Loka hönnun mun taka mið af grunnhönnun ásamt samþáttun búnaðar og tæknimála. Framkvæmdin felur í sér að eldisvatni í formi fullsalts grunnsjávar og fersks grunnvatns verði aflað með jarðborun. Reist verða mannvirki í formi þjónustuhúsa, eldishúsa, eldskerja, vatnsmiðlunartanka, fódursílóa og súrefnistanka, vatns- og frárennslislagna ásamt lagningu vegaslóða og plana auk bílastæða. Einnig verður sá hluti svæðisins sem ekki snýr að sjó, girtur af þ.e. vestur, norður og austur hluti þess. Öll mannvirki verða hönnuð samkvæmt íslenskum stöðlum (ÍST 13/1989) og er Sveitarfélagið Ölfus, þar sem framkvæmdin á festi, á álagssvæði 4. og gilda þar sérstakar reglur um burðarþol bygginga sökum jarðskjálftahættu.

Fyrirhuguð mannvirki og skipulag innan lóðar má sjá á mynd 3. Kerum mun fjölga töluvert og reist verða mannvirki til þjónustu framkvæmdarinnar. Lóðin verður svo til fullnýtt að framkvæmdum loknum. Í umhverfismatsskýrslu verður greint frá fjölda mannvirkja og fasteigna, stærð þeirra, staðsetningu og auk þjónustutilgangi innan framkvæmdar.



Mynd 3: Áætluð hönnun á 9.050 tonna lífmassa aukningu. Fyrri áfangi, eldi með 3.450 tonna lífmassa er daufflitaður.

4.1 Eldisker

Reist verða eldisker fyrir bæði seiðaeldi og áframeldi matfisks auk sveltikerja er hýsa skulu sláturfisk. Innan umhverfismatsskýrslu verður greint frá staðsetningu, stærðum og tilgangi allra kerja.

4.2 Vatnsmiðlun

Innan umhverfismatsskýrslu verður greint frá tegund, staðsetningu, stærðum og tilgangi vatnsmiðlunar. Áætluð aukin sjótaka er 15.000 l/s og þá samtals 20.000 l/s. Aukin ferskvatnstaka er 200 l/s og þá samtals 700 l/s.

4.3 Súrefnistankar

Innan svæðis verða settir upp súrefnistankar fyrir fljótandi súrefni sem nýtt verður við súrefnisbætingu á eldisvökva. Leitað verður eftir sérfræðipækkingu Linde Gas (áður Ísaga), sem er hluti af Linde group, AGA, hvað varðar gerð búnaðar, stærðir, staðarval, uppsetningu, öryggi og áfyllingar tanka og munu niðurstöður birtast í umhverfismatsskýrslu.

4.4 Fóðursíló og fóðurgeymslur

Upplýsingar varðandi stærðir og fjölda mannvirkja vegna fóðrunar verða birtar í umhverfismatsskýrslu.

4.5 Borholur fullsalts eldisvökva

Árangur vatnstökunnar ræður því hve margar holur verða boraðar en nauðsynlegt verður að hafa aukaholur ef bilanir koma upp ásamt fyrirbyggjandi viðhalds á dælum. Áætlað er að um 90 sjóholur verða boraðar innan svæðisins og verða flestar staðsettar á suður hluta lóðarinnar. Innan umhverfismatsskýrslu verður betur greint frá áætluðum fjölda borhola, sverleika og dýpt ásamt staðsetningu þeirra.

4.6 Borholur fyrir vatnstöku ferskvatns

Innan umhverfismatsskýrslu verður greint frá áætluðum fjölda, sverleika og dýpt ásamt staðsetningu þeirra. Áætlað er að um 20 vatnsholur verða boraðar innan svæðisins og verða þær dreifðar um lóðina.

4.7 Vatnslagnir

Eldisvatnslagnir verða lagðar frá dælustæðum í vatnsmiðlun. Frá vatnsmiðlun verður vatn leitt í eldisker stöðvarinnar. Einungis verður notast við viðurkenndar plastlagnir til að fæða eldisvökvaflæðið.

4.8 Frárennslis- og útrennslislögn

Affallslagnir kerja tengjast steypum tengistokkum. Hinum megin við tengistokkana eru útfallsrör sem leidd verða niður að viðtakanum. Nánar verður fjallað um frárennslis- og útfallslagnir í umhverfismatsskýrslu ásamt áætlaðri staðsetningu, sverleika, útfærslu og mögulega virkjun.

4.9 Aðkomuvegir

Núverandi aðkomuvegum verður lýst í umhverfismatsskýrslu ásamt þeim áætlunum sem uppi eru varðandi frekari vegabætur til þjónustu iðnaðarsvæðisins.

4.10 Vegagerð, plön og efnistaka

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir nauðsynlegri grundun vegna mannvirkja, vegagerð innan athafnarsvæðis framkvæmdar og þjónustuplönnum ásamt áætluðu efnismagni og hvert það efni skuli vera sótt.

4.11 Flutningar á framkvæmdatíma

Margs konar flutningur mun eiga sér stað á meðan á framkvæmdum við uppbyggingu verkefnisins stendur. Í umhverfismatsskýrslu verða birtar tölur yfir umfang flutninga ásamt stærstu liðum þeirra og þeim mótvægisáðgerðum sem beitt verður til að lágmarka áhrif af þeirra völdum.

4.12 Aðstaða fyrir starfsmenn á framkvæmdartíma

Þeim starfsmönnum sem koma að uppbyggingu verkefnisins verður séð fyrir fullgildri starfs- og hvíldaraðstöðu á uppbyggingartíma verkefnisins.

5 Eldisþættir

Gerð verður grein fyrir eftirfarandi þáttum í umhverfismatsskýrslu

- Eldistegundir og stofnar
- Eldisáætlun
- Skipulag eldis
- Framleiðsluáætlun
- Flutningur á hrognum/seiðum til stöðvar ásamt framleiðsluafurð frá stöð
- Flutningur lifandi fisks innan stöðvarinnar
- Slátrun
 - Frágangur slátrunaraðstöðu verður lýst í umhverfismatsskýrslu, er miðar að því markmiði að aðstöðunni verði haldið alveg aðskilinni frá eldisstöðinni, norðvestast á aðstöðulóð, og enginn samgangur milli hennar og annarra hluta eldisstöðvarinnar. Einnig sveltikörum/rennum aðstöðunnar er staðsettar verða til hliðar við húsið. Þá verður einnig umfjöllun um þá vinnslu er fram skal fara innan veggja aðstöðunnar.
- Slysleppingar
 - tilsvarendi búnaður, áætlanir og mótvægisáðgerðir.
- Sóttvarnir
 - verkferlar, sóttvarnir og smitleiðir ásamt helstu sjúkdómum og sníkjudýrum er herjað geta á eldið. Einnig verður gerð grein fyrir framkvæmd meindýravarna, vörnum gegn ágangi fugla og mótvægisáðgerðum.

6 Orka og hráefni

6.1 Raforkuþörf

Stöðin mun þurfa um 4 MW á ári en greint verður nánar frá áætlaðri raforkuþörf framkvæmdar í umhverfismatsskýrslu.

6.1.1 Tenging við dreifikerfi rafmagns

Leitað verður eftir samstarfi við RARIK varðandi útfærslu vegna tengingar stöðvarinnar við dreifikerfi rafmagns.

6.1.2 Varaafl

Veiturafmagn verður baktryggt með varaafisstöðvum. Innan umhverfismatsskýrslu munu birtast upplýsingar um fjölda aflstöðva ásamt áætlaðri stærð þeirra í kW.

6.2 Fiskeldisfóður

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um innihaldslýsingu eldisfóðurs ásamt næringarefnainnihaldi þess. Almennt má gera ráð fyrir að magn kolefnis í fóðri sé um 50%, magn köfnunarefnis (niturs) um 6,5% og magn fosfórs milli 0,8% og 0,9% en þessar tölur verða lagðar fram til grundvallar við útreikning á losun næringarefna frá stöðinni. Einnig verður flutningi fóðurs, sem á sér stað innan rekstrartíma eldisstöðvarinnar, lýst og greint frá umfangi hans.

6.2.1 Fóðurnýting

Í umhverfismatsskýrslu verða birtar tölur yfir áætlaða fóðurnýtingu ásamt lýsingu á ferlum varðandi fóðrun sem tryggja sem besta fóðurnýtingu. Með lágum fóðurstuðli vinnst tvennt: fóðurlausn lækkar ásamt því að losun næringarefna út í umhverfið minnkar.

6.2.2 Fóðurnotkun

Í umhverfismatsskýrslu verða birtar tölur yfir heildar fóðurnotkun er byggir á þeim fóðurstuðli er stefnt er að og verkferlar og eftirlit, innan stöðvarinnar, tryggja.

6.3 Vatnsbúskapur og nýting

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir þeirri vinnslu grunnvatns er framkvæmd þarfnast og verður grunnvatni þar skipt upp í fullsaltan jarðsjó annarsvegar og ferskt grunnvatn hins vegar. Heildar vatnspörf verður rökstudd og skoðuð út frá öllum mögulega útfærslum eldisins.

6.3.1 Vatnskerfi í fiskeldi

Síðustu misseri hafa orðið stórstígar framfarir varðandi vatnskerfi fyrir fiskeldi, staðsett uppi á landi, er miða að því marki að ná fram vatnssparnaði innan eldisgeirans. Í umhverfismatsskýrslu verður farið yfir helstu vatnskerfi fiskeldis þar sem mest áhersla verður lögð á það kerfi ásamt búnaði er framkvæmd mun nýta innan eldis.

6.3.2 Eldisvatn

Í umhverfismatsskýrslu verða lagðar fram áætlanir vegna endurnýtingar eldisvatns framkvæmdar.

7 Úrgangur og förgun

Stefna framkvæmdarinnar er að forðast óþarfa úrgang og óflokkaða förgun. Gerð verður grein fyrir nýtingarmöguleikum og endurvinnslu þar sem við á.

7.1 Úrgangur frá starfsmannaaðstöðu.

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um rotþrær og siturbeð ásamt stærð þeirra, hugsanlegum staðsetningum innan lóðar og áætluðu magni úrgangs frá starfsmannaaðstöðu. Farið verður yfir reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999 og breytingareglugerð nr. 450/2009. Einnig leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir. Þá verður tæming rotþróa gerð skil ásamt förgun úrgangsins.

7.2 Úrgangur í formi dauðs fisks og slógs

Í umhverfismatsskýrslu verður farið yfir geymslu og förgun úrgangsflokksins er til fellur árlega og greint frá áætluðu magni og meðferð.

7.3 Frásíaður lífrænn úrgangur

Í umhverfismatsskýrslu verður grein gerð fyrir áætlaðri útskiljun lífræns úrgangs í formi fódurleifa og saurs frá fiskinum. Þá verður ferli síunnar lýst ásamt geymslu hennar og umfjöllun um þann búnað er nýta skal ásamt verkferlum er beitt verður. Einnig verður gerð grein fyrir möguleikum á nýtingu (förgun) frásíuðu seyrunnar.

7.4 Losun lífræns úrgangs í viðtaka

Magn lífræns úrgangs, í formi seyru og næringarefna er veitt verður í útrennsli, ræðst af framleiddu magni fisks og fódurnotkun, ásamt fódurnýtingu og þess árangurs sem næst við hreinsun/útskiljun úrgangsefna affallsins. Í umhverfismatsskýrslu verða lagðir fram útreikningar á næringarefnalosun stöðvarinnar einir og sér, og skilið á milli efna í föstu og uppleystu formi, ásamt kafla er fjallar um samlagningu við þær stöðvar er þegar eru í rekstri innan svæðisins er myndar heildarnæringarefnalosun allra stöðvanna gagnvart samlegðaráhrifum þeirrar losunar er viðtakandinn verður fyrir af þeirra völdum.

7.5 Ólífrænn úrgangur

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir ólífrænum úrgangi ásamt hættulegum og spillandi efnum er falla til árlega og ráðstöfun þeirra.

8 Umhverfi og náttúruvá

Í umhverfismatsskýrslu verður staðháttum og umhverfi lýst innan lóðar ásamt nær- og fjarsvæðum. Birtar verða ljósmyndir frá athafnarlóð til allra höfuðátta er spanna nærsvæði stöðvarinnar. Þá verður farið stuttlega yfir gróðurfar og dýralíf ásamt jarðfræði svæðisins og helstu einkennum landslags innan iðnaðarsvæðisins frá Þorlákshöfn vestur að Keflavík.

Framkvæmdaaðilar hafa þegar gert ítarlega úttekt á staðháttum og tilsvarendi umhverfisþáttum í matsskýrslu fyrri fasa framkvæmdar [2]

8.1 Skjálftavirkni

Eldisstöðin er í nágrenni við virkt jarðskjálftasvæði. Í fyrirhuguðum framkvæmdum verður farið eftir öllum þeim reglum er í gildi eru varðandi uppbyggingu þeirra mannvirkja, ásamt frágangi lagna, er reist verða ásamt þeim ákvæðum er í gildi eru varðandi framkvæmdar- og byggingarleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss. Ekki er talið nauðsynlegt að fjalla frekar um skjálftavirkni innan umhverfismatsskýrslu.

8.2 Ferskvatnsflóð

Í greinargerð aðalskipulags sveitarfélagsins Ölfus segir m.a. „nokkuð yfirborðsrennsli virðist vera af Heiðinni há og Selvogsheiði niður undir byggð í Þorlákshöfn. Þetta vatn er helst til ama þegar jörð er frosin í vetrarblotum og vorleysingum. Þá safnast það saman í lón ofan byggðar og flæðir inn að lóðum í vesturhluta byggðarinnar og jafnvel allt til sjávar“ [3]. Rekstri fiskeldisstöðvarinnar stafar lítil hættu af þessari tegund flóða leysingarvatns, sem í reynd er meira í formi yfirborðsrennsli sem dreifist yfir stórt svæði og er af þeim sökum afar vatnslítið innan takmarkaðs svæðis. Einnig er það fátítt að leysingarvatnið nái alla leið niður að sjávarlóðum iðnaðarsvæðisins. Þó verður þessi vátta höfð til hliðsjónar við uppbyggingu mannvirkja. Ekki er talið nauðsynlegt að fjalla frekar um ferskvatnsflóð í umhverfismatsskýrslu.

8.3 Sjávarflóð

Skv. gildandi deiliskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss er gert ráð fyrir ákveðinni byggingarlínu og verða byggingaraðilar á hafnarsvæðinu, sem lægst stendur m.v sjávarlínu, að gera flóðvarnargarða á lóðarmörkum til að draga úr hættu á flóðvatni inn á lóðir. Ekki er talið að mannvirkjum og rekstri fiskeldisstöðvarinnar stafi mikil hættu af þessari tegund flóða vegna hæðar á ströndinni sunnan athafnarlóðar, en gera verður ráð fyrir að slíkar aðstæður geti komið upp. Unnið verður eftir þeim reglum er koma fram í gildandi skipulagi svæðisins varðandi flóðavarnir og byggingarlínu í náinni samvinnu við sveitarfélagið. Þess ber þó að geta að allar fyrirhugaðar byggingar verða utan þess svæðis er markar áður nefnda byggingarlínu. Ekki er talið nauðsynlegt að fjalla frekar um sjávarflóð í umhverfismatsskýrslu.

8.4 Sandfok

Fyrir á árum olli uppblástur sands miklu vandamáli á Þorlákshafnarsvæðinu. Með markvissum aðgerðum við að hefta uppblástur með áburðar- og frædreifingu má segja með sannni að þetta vandamál sé ekki lengur fyrir hendi. Ekki er talið nauðsynlegt að fjalla frekar um sandfok innan umhverfismatsskýrslu.

9 Skipulag og eignarhald

Í umhverfismatsskýrslu verður nánari grein gerð fyrir stöðu skipulags og landnotkunar lóðanna ásamt iðnaðarsvæðanna sunnan og vestan þéttbýliskjarna Þorlákshafnar. Einnig verður farið yfir áherslur og stefnu sveitarfélagsins. Gerð verður grein fyrir aðalskipulagi svæðisins, en lóðirnar eru á skipulögðu iðnaðarsvæði. Einnig verður gerð grein fyrir deiliskipulagi lóðanna, en í gildi er deiliskipulag sem samþykkt var 15. desember 2020.

Laxabraut 21, 23 og 25 eru í eigu Ölfusshrepps. Landeldi ehf. leigir lóðina af sveitarfélaginu með lóðaleigusamningi. Ekki er talið nauðsynlegt að fjalla frekar um eignarhald framkvæmdarsvæðis í umhverfismatsskýrslu.

10 Mat á umhverfisþáttum

10.1 Áhrifasvæði framkvæmdar og reksturs

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er það svæði sem beinna áhrifa mun gæta af henni bæði á framkvæmdar- og á rekstrartíma eldisins og verður mestmegnis innan lóðar að Laxabraut 21, 23 og 25. Utan lóðarinnar verða áhrif af affallsvatni í sjó og förgun fasts úrgangs ásamt því svæði er áhrifa gætir innan grunnvatnsstraums Selvogsstraumsins með tilliti til ferskvatnstöku

grunnvatns úr straumnum. Áhrif vegna ásýndar og mögulegar slysasleppingar og fisksjúkdómar ná út fyrir hið beina áhrifasvæði.

10.2 Áhrifaþættir framkvæmdar

Þeir framkvæmdaþættir sem taldir eru geta haft í för með sér áhrif á umhverfi, bæði á framkvæmdar- og rekstrartíma eldisstöðvarinnar eru eftirfarandi.

Áhrifaþættir	Umhverfisþættir
Eldisfiskur, slysasleppingar og sjúkdómar	Lífriki í sjó, ám og vötnum
Vatnstaka	Grunnvatn
Frárennsli	Lífriki fjöru og sjávar
Mannvirki	Ásýnd
Starfsemi á framkvæmda- og rekstrartíma	Samfélag
Önnur fiskeldisstarfsemi	Samlegðaráhrif vatnstöku og næringarefnalosunar

Tafla 1: Áhrifaþættir framkvæmdar.

10.3 Umhverfisþættir

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um eftirfarandi tíu umhverfisþætti sem uppbygging og rekstur framkvæmdarinnar kann að hafa áhrif á, ásamt því að lagt verður mat á áhrifin og gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum eftir því sem við á.

- Efnistaka og haugsetning
- Ferðaþjónusta, útivist og íþróttir
- Förgun úrgangs, annars en fráveitu frá fiskeldinu
- Grunnvatn
- Landslag og ásýnd
- Lífriki fjöru
- Slysasleppingar laxfisks út í villta náttúru
- Losun næringarefna í viðtaka
- Samlegðaráhrif með annarri fiskeldisstarfsemi á svæðinu
- Samfélag
- Smit og sjúkdómavarnir

Ekki er gert ráð fyrir umfjöllun í umhverfismatsskýrslu um áhrif framkvæmdarinnar á eftirfarandi sex þætti þar sem áhrif verkefnis, innan framkvæmda og rekstrartíma, eru talin engin eða óveruleg.

- Jarðmyndanir
 - Lóðin er á skilgreindu iðnaðarsvæði. Í umhverfismati fyrsta fasa [2] var gerð grein fyrir óafturkræfum áhrifum jarðrasks á hraunið. Ljóst er að það sama muni eiga við stækkunina sem hér er fjallað um en þar sem fyrsti fasi framkvæmdarinnar mun raska hrauninu verður þegar búið að eiga við svæðið.

- Fuglar
 - Mjög lítil búsvæði fugla eru á lóðinni. Frárennslið blandast hratt í briminu og hefur lítil áhrif á fæðu fugla. Sjá umfjöllun í fyrra umhverfismati [2].
- Gróðurfar
 - Mjög lítil gróður á lóð. Svk. vistgerðarkorti NÍ er lóðin mikið til eyðihraunavist sem er með lágt verndargildi [4].
- Loftgæði og hljóðvist
 - Lóð er langt frá byggð, algengasta vindátt skv. vindatlas VÍ er NA-átt svo lykt blæs að mestu á haf út.
- Fornleifar
 - Fornleifastofnun Íslands hefur þegar gert könnun á svæðinu og var niðurstaðan sú „að engar fornminjar séu greinilegar á yfirborði deiliskipulagsreitsins.“ [5]
- Náttúruverndarsvæði
 - Framkvæmdin er ekki á svæði innan náttúruuminjaskrár eða á friðlýstu svæði. Hraun nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga en sjá umfjöllun í jarðmyndunum.

10.4 Vægiseinkunnir umhverfismats

Við mat á umhverfisáhrifum er stuðst við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um mat á umhverfisáhrifum og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er litið til viðmiða s.s. stefnumörkun stjórnvalda, lög og reglugerðir og alþjóðasamninga. [6].

10.5 Flokkar og áherslur mats á umhverfisáhrifum

10.5.1 Ferðaþjónusta, útivist og íþróttir

Ferðaþjónusta er töluverð í dreifbýli Sveitarfélagsins Ölfuss en er nokkuð takmörkuð innan þéttbýlis Þorlákshafnar. Íþróttavöllur, ásamt tveimur sparkvöllum, er rétt norðaustan við iðnaðarsvæðið. Þá er svæðið á Hafnarnesi nýtt til fuglaskoðunar og útivistar, sem og ströndin, m.a. til ljósmyndunar þar sem brimið og náttúruöflin draga helst að. Hesthúshverfi hestamannafélagsins Háfeta í Þorlákshöfn er í nágrenni lóðarinnar, þar eru einnig tamningagerði og keppnisvöllur félagsins staðsettur. Eitt ferðaþjónustufyrirtæki hefur starfstöðvar sínar í nágrenni framkvæmdarlóðar, Perluhestar. Í umhverfismatsskýrslu verður leitast eftir að svara þeirri spurningu hvort og þá hvernig fyrirhuguð framkvæmd eða rekstur hafi áhrif á ferðaþjónustu, útivist og íþróttir á nærsvæðum stöðvarinnar. Einnig ef svo er hver áhrifin séu og hvort mótvægisáðgerða sé þörf og þá hvernig þær skulu útfærðar. Skoðað verður hvort sátt hafi ríkt um starfsemi þeirra tveggja fiskeldisstöðva sem rekstur hafa haft til margra ára innan iðnaðarsvæðisins. Framkvæmdin verður kynnt f.v. stjórnarmanni í Hestamannafélaginu Háfeta, eiganda Perluhesta og forsvarsaðilum íþróttamála sveitarfélagsins og leitað álits þeirra á því hvort framkvæmdin muni hafa á hrif á starfsemi þeirra. Nú þegar hefur fram farið opin og íbúafundur þar sem íbúar gátu kynnt sér framkvæmdina, sett fram spurningar og þegið svör, einnig munu samtöl við íbúa fara fram meðal annars með tilliti til útivistar. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum samtala ásamt mótvægisáðgerðum ef þeirra verður þörf að höfðu samráði við framangreinda aðila.

10.5.2 Förgun úrgangs, annars en fráveitu frá eldinu

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir áætluðu magni lífræns og ólífræns úrgangs sem til mun falla við rekstur stöðvarinnar og farga þarf á landi þar með talið hættulegum efnum, spilliefni, og almennt sorp frá rekstri stöðvarinnar. Þá verður grein gerð fyrir geymslu úrgangs innan framkvæmdasvæðis ásamt förgun/afdrifa þessara efna. Þá verður gert grein fyrir mót-vægisadgerðum ef þeirra verður þörf ásamt útfærslum.

10.5.3 Grunnvatn

Þegar liggur fyrir í matsskýrslu fyrri áfanga umfjöllun á því hvernig áætlað er að fyrirhugaður rekstur hafi áhrif á grunnvatnshlot í nærumhverfi verkefnisins, innan Selvogsstraumsins [2]. Hér verður ferskvatnstaka aukin um 200 l/s, og verður þá samtals 700 l/s, sem er undir viðmiði um jafnvægisástand ferskvatnslinsu Selvogsstraumsins um 1000 l/s á hvern kílómetra strandlengju svæðisins [9].

Töluverð reynsla hefur skapast varðandi grunnvatnstöku í Þorlákshöfn og þá aðallega í tengslum við fiskeldi, er spannar rúm 30 ár. Fjöldinn allur af borholum hafa verið boraðar og nýttar þessa þrjá áratugi og skilað allnákvæmum upplýsingum er varðandi jarðlög, lekt, seltustig, þykkt ferskvatnslags, blandlags og fullsalts jarðsjávar ásamt hitastigi vökvans [7, 8, 9].

Vegna vatnstöku fullsalts jarðsjávar verður lögð áhersla á að lýsa þeirri aðferð er notuð verður við vatnsöflunina. Borun sjótökuhola og útfærsla þeirra ásamt dýpi og þess hitastigs er búast má við ásamt lekt bergsins miða við mismunandi dýptir. Þá verður farið yfir jarðfræði svæðisins og sagt frá áætluðum staðsetningum borhola og þess magns vökva er vinna skal. Þar sem Atlants-hafið sjálft er aflagjafi sjóvatnstökunnar er ekki talin þörf á djúpri umfjöllun varðandi fullsaltan jarðvökva. Landeldi hefur þegar borað tvær tilraunaholur og eina íssalta holu (LE-03, LE-04 og LE-05) og gefa frumniðurstöður góðan árangur. Niðurstöður tilraunahola verður gerð betri skil í umhverfismatsskýrslu. Í umhverfismatsskýrslu verður einnig fjallað um vöktunaráætlun vegna nýtingar grunnvatns sem yrði framkvæmt eftir leiðbeiningum og í fullri samvinnu við Orkustofnun. Ef niðurstöður kaflans leiða í ljós að mót-vægisadgerða sé þörf þá verður skýrt frá þeim adgerðum ásamt útfærslu/m þeirra í umhverfismatsskýrslu.

10.5.4 Landslag og ásýnd

Stöðin verður staðsett á samliggjandi lóðunum að Laxabraut 21, 23 og 25. Lóðirnar standa innan skilgreinds iðnaðarsvæðis á aðalskipulagi Ölfuss, við sjávarsíðuna, suður af Þorlákshöfn.

Hæstu mannvirki innan lóðar verða allt að 12 metrar. Í umhverfismatsskýrslu verða birtar myndir af eldisstöðinni er byggja á grunnhönnun hennar. Þá verða birtar myndir af svæðinu með og án mannvirkja til glöggvunar á framkvæmdinni og þeim mannvirkjum er henni tilheyra. Gerð verður grein fyrir samráði við íbúa, helstu hagsmunaaðila og þá verður landslagi svæðisins lýst enn frekar ásamt nær- sem og fjarsvæðum ásamt því að lagt verður mat á áhrif framkvæmdarinnar. Einnig verður grein gerð fyrir mót-vægisadgerðum ef þeirra gerist þörf.

10.5.5 Lífríki fjöru

Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á hvernig fyrirhugaður rekstur, m.a. í tengslum við næringarefnalosun, hafi áhrif á lífríki fjöru og sjávar í nærumhverfi affallsútrásar. Í ljós hefur komið að fjaran suður af Þorlákshöfn er lítt könnuð og litlar upplýsingar að fá um hana, enda aðgengi að henni afar slæmt. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir könnun fjörunnar er spannaði nokkurra mánaða athuganir þar sem framkvæmdaraðilar ásamt lífræðingi fóru um fjöruna og safnað var upplýsingum og voru niðurstöður athugana bornar saman við vistgerðarflokkun

Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt EUNIS-flokkunarkerfinu. Skýrt verður frá niðurstöðum flokkunar fjörunnar ásamt verndargildi hennar. Einnig verðu fjallað um brimasemi fjörunnar ásamt ríkjandi straumum, straumstefnum og styrkleika straumanna undan henni. Metin verða áhrif affallsvatns á lífríki fjörunnar og gerð grein fyrir því að fyrirtækið hyggst lágmarka magn lífræns úrgangs er fari í sjó með því að sía affallsvatnið.

10.5.6 Losun næringarefna í viðtaka

Möguleg umhverfisáhrif eru neikvæð áhrif vegna næringarefnalosunar í viðtaka, fjöru og sjó, þar sem jafnvægi í vistkerfi er raskað með ofgnótt næringarefna, er veldur því m.a. að lífverur geta vaxið hömlulaust. Í umhverfismatsskýrslu verður leitast eftir því að svara þeirri spurningu hvort og ef svo er þá hversu mikil áhrif fyrirhugaður rekstur muni hafa á sjó sem viðtaka vegna losunar næringarefna í hann. Magn næringarefna í affallsvatni fiskeldisstöðva ræðst af framleiddu magni fisks og fóðurnotkun, ásamt fóðurnýtingu og árangri við hreinsun úrgangsefna affallsins sé slíkt fyrir hendi.

Við mat á áhrifum affallsvatns verður lagt til grundvallar könnun á lífríki og vistgerðarflokkun fjörunnar, er framkvæmdaraðilar stóðu fyrir, ásamt viðkvæmni viðtakans. Varðandi þann lið með tilliti til næringarefnaauðgunar verður fyrst skoðað hvort farið hafi fram svo kallað burðarþolsmat, fyrir hafsvæðið sunnan stöðvar, sem framkvæmt er af Hafrannsóknarstofnun. Þá verða ákvæði alþjóðlega OSPAR-samningsins, sem Íslendingar eru aðilar að, skoðuð. Innan hans eru m.a. hafsvæði flokkuð m.t.t. næringarefnaauðgunar. Þá verður skoðuð skilgreining á viðtaka innan reglugerðar nr.798/1999, um fráveitur og skólþ. Brimasemi og straumar svæðisins verða gerð skil með tilliti til útþynningar/samblöndunar næringarefna og sjávar. Vindstyrks- og stefnugögn frá Veðurstofu Íslands verða m.a. notuð í þeim tilgangi og skýrt frá þeirri reynslu/þekkingu er framkvæmdaraðilar búa yfir varðandi svæðið. Einnig verður skoðað seltuinnihald og hitastig sjávar í tengslum við útþynningu Ölfusár í strandsjónum ásamt áhrifum fjörulinda Selvogsstraumsins er fram undan bjarginu koma. Þá verður greint frá mótvægisáðgerðum og útfærslum þeirra ef niðurstaða leiðir í ljós að þörf sé á slíkum aðgerðum.

10.5.7 Samfélag

Í umhverfismatsskýrslu verður leitast eftir að svara spurningum varðandi samfélagsleg áhrif framkvæmdar og reksturs innan samfélagsins í Þorlákshöfn. Möguleg umhverfisáhrif eru neikvæð áhrif vegna atvinnuþróunar svæðisins, að rekstur sé á skjön við áherslur sveitastjórnar um atvinnuuppbyggingu, sjón-, hljóð- og lyktarmengun. Gerð verður grein fyrir viðhorfum samfélagsins til framkvæmdar/reksturs stöðvarinnar er fram komu á íbúafundi um verkefnið. Þá verður metið með hvaða hætti framkvæmdin kann að hafa áhrif á starfsemi og framtíðartækifæri Þorlákshafnar og Ölfusshrepps til lengri tíma litið.

Skýrt verður frá niðurstöðum úr viðtölum við nokkra íbúa Þorlákshafnar ásamt forsvarsmanni þess ferðaþjónustufyrirtækis er næst framkvæmdarlóð stendur. Einnig viðtali við forsvarsmann íþrótt- og æskulýðsmála Ölfuss, þar sem mannvirki tengd íþróttamálum eru staðsett í nálægð við framkvæmdarlóð ásamt viðtali við fyrrum stjórnarmann hestamannafélagsins. Í umhverfismatsskýrslu verða viðhorf viðmælenda metin ásamt viðhorfum bæjarfulltrúa innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Skoðað verður sérstaklega hvernig samskipti þorpsbúa og rekstraraðila hafa verið gagnvart þeim fiskeldisfyrirtækjum sem þegar eru í rekstri innan svæðisins, þ.e. hvort almenn sátt hafi ríkt þar á milli. Samráð við ofangreinda aðila hefur þegar haft þau áhrif að dregið verði úr ásýnd svæðisins með lægri mannvirkjum en áður var gert ráð fyrir, í matskyldufyrirspurn verkefnisins, og að valinn verði litatónn er fellur sem best inn í landslag svæðisins. Þá verður passað upp á að ljósum verði ekki beint út frá lóð og vandað til við geymslu á þeirri seyru er síuð verður frá frárennsli stöðvarinnar. Ef frekari athugasemdir berast kunna þær að leggja grunninn

að hugsanlegum ítarlegri mótvægisáðgerðum stöðvarinnar sem þá verður greint frá í matsskýrslu verkefnisins. Einnig verður skoðað hvernig fyrirtækið geti sem best ræktað sína samfélagslegu ábyrgð innan sveitarfélagsins.

10.5.8 Samlegð með annarri fiskeldisstarfsemi á svæðinu

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir heildarvatnstöku Landeldis, Íspórs - Náttúru Fiskiræktar og Laxar fiskeldis og metin samlegðaráhrif vatnstökunnar úr grunnvatni, blandsjó og jarðsjó. Ekki er talin þörf á umfjöllun um vatnstöku Icelandic Water Holdings ehf, ásamt vatnsnöflun Þorlákshafnar þar sem um afar lítið magn ræðir. Vatnstaka fyrirtækjanna verður borin saman við það magn sem talið er óhætt að taka úr grunnvatnsstraum Selvogsstraumsins, er rennur til sjávar undan iðnaðarsvæðinu sunnanverðu og suðvestan Þorlákshafnar. Þá verður greint frá mótvægisáðgerðum ásamt útfærslum þeirra ef niðurstaða kaflans gefur þörf til slíks til kynna.

Í umhverfismatsskýrslu verður enn fremur gerð grein fyrir samlegðaráhrifum vegna næringar-efnalosunar eldisstöðvar Landeldis ásamt fiskeldisstöðvum Íspórs, Náttúru fiskiræktar og Laxa fiskeldis. Reiknað verður út heildarmagn næringarefna er veitt verður í útfalli þeirra þriggja eldisstöðva er starfandi eru á svæðinu ásamt eldisstöð Landeldis ehf. Loks verður skoðað á hversu breiðu belti afrennsli stöðvanna er veitt til sjávar ásamt vegalengd milli útrásanna. Þá verður greint frá mótvægisáðgerðum ásamt útfærslum þeirra ef niðurstaða kaflans gefur þörf til slíks til kynna.

10.5.9 Slysasleppingar laxfisks út í villta náttúru

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst koma í veg fyrir að fiskur sleppi til sjávar með búnaði stöðvarinnar, eftirliti starfsmanna, skipulag og staðsetningar eldismannvirkja. Ef lítið er til grunnhönnunar strandeldisstöðvarinnar þá er margfalt öryggi fyrir hendi gegn slysasleppingum, sem nánari grein verður gerð fyrir.

10.5.10 Smit og sjúkdómavarnir

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um smitleiðir inn til stöðvarinnar, innan hennar og frá stöð út í sitt nánasta umhverfi. Þá verður gerð grein fyrir helstu sjúkdómum er upp geta komið í eldinu ásamt sníkjudýrum og sjúkdómavaldandi örverum. Einnig verður fjallað um áhrif þess ef upp koma sjúkdómar í fiskeldinu og til hvaða ráðstafana verður þá gripið. Gerð verður grein fyrir vörnum gegn smitleiðum með meindýrum og vargi, búnaði og gestum stöðvarinnar. Reglum og verkferlum innan fyrirtækisins verður lýst er miða að sjúkdómavörnum og verða að öllu leyti í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda. Einnig verður farið yfir aðkomu dýralækna fisksjúkdóma að verkefninu ásamt verkferlum við hreinlæti, sótthreinsanir ásamt léttri umfjöllun um eftirlit og skráningar.

11 Kynning og samráð

Kynning og samráð við gerð tillögu að matsáætlun verður í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Tillagan var auglýst í Fréttablaðinu þann 27. maí 2021, sjá Viðauka I, og hún kynnt á heimasíðu félagsins. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Eftir að tillögunni hefur formlega verið skilað inn til Skipulagsstofnunar mun stofnunin leita eftir umsögn hlutaðeigandi umsagnaraðila. Þá verður tillagan aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir öllu samráði ásamt niðurstöðum þess.

Heimildir

- [1] Forsíðumynd: Vlad Vasnetsovs. (2019). Sótt 12. júlí 2019 af <https://pixabay.com/photos/aquarium-salmon-water-young-farm-3838974/>.
- [2] Haraldur Snorrason og Ingólfur Snorrason. (2020). Matsskýrsla: 5.000 tonna fiskeldi Landeldis ehf á lóðum Laxabrautar 21, 23 og 25 vestan Þorlákshafnar. Aðgengilegt á vef Skipulagsstofnunar <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1571/2019011256-%20Landeldi%20%C3%B3%20%C3%9Eorl%C3%A1ksh%C3%B6fn.pdf>
- [3] *Sveitarfélagið Ölfus*. (2012). Aðalskipulag 2010-2022: Greinagerð. Sótt 7. janúar 2019 af www.olfus.is/static/files/Thjonusta/Skipulagsmal/greinargerð-adalskipulags.pdf.
- [4] *Náttúrufræðistofnun Íslands*. (2021). Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði. Aðgengilegt á vef Náttúrufræðistofnunar <https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>.
- [5] Gylfi Helgason. (2019). *Fiskeldi við Þorlákshöfn: Greinagerð vegna fornleifaúttektar innan deiliskipulagsreits Landeldis*, FS749-19191. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- [6] *Skipulagsstofnun*. (2005). Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Sótt 20. febrúar 2019 af http://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_flokkun_umhverfisthatta_vidmid_einkenni_og_vaegi_umhverfisahrifa.pdf
- [7] Kristján Sæmundsson. (1986). *Sjóboranir vegna landeldis í Þorlákshöfn*. Reykjavík: Orkustofnun.
- [8] Árni Hjartarson. (2000). *Yfirlit um jarðfræði og vatnafar í Ölfusi og grennd*. Orkustofnun ÁH-2000/05. Reykjavík: Orkustofnun.
- [9] Eric M. Myer, Hilmar Már Einarsson og Sveinn Óli Pálmarsson. (2018). *Greining á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar. Líkangerð til mats á færslu vatnsbólís sveitarfélagsins og skipulagi vegna uppbyggingar fiskeldis: Unnið fyrir Sveitarfélagið Ölfus, Skýrsla nr. 18.09*. Reykjavík: Verkfræðistofan Vatnaskil.

Viðauki I

6 Fréttir

FRÉTTABLAÐIÐ

27. maí 2021 FIMMTUÐAGUR

Assad eygir sjö ár í viðbót á forsetastóli

thorgrimur@frettabladi.is

SÝRLAND Sýrlandingar gengu í kjörklefa í gær til að kjósa sér forseta. Ólíklegt er þó að mörgum þeirra hafi fundist kosningavakan spennandi eða óútreiknanleg.

Bashar al-Assad, forseti landsins frá árinu 2000, gaf kost á sér til síns fjórða kjörtímabils og þykir svo gott sem sjálfkjörinn svo lengi sem hann fýsir að gegna embættinu.

Mótframbjóðendur Assads eru tveir en hvorugur þeirra þykir ykja mikill bögur. Annar þeirra er fyrrverandi aðstoðarráðgjafi í ríkisstjórn landsins, Abdulla Sallum Abdulla, en hinn er Mahmud Akmed Marei, leiðtogi lítills stjórnanráðstöðuflokks. Ad Assad undanskildum voru þeir hinir einu úr hópi 51 umsækjanda sem hlutu leyfi stjórnlagadómstóls til að gefa kost á sér til forseta.

Þetta er engu að síður mesta samkeppni sem Assad hefur fengið um forsetastólinn. Árið 2014 hlaut hann eitt mótframboð og árin 2000 og 2007 var hann einn á kjörseðlinum. Í viðtali við kínverska ríkisfjölmiðlinn Xinhua sagðist Marei stóltur af því að vera fyrsti raunverulegi stjórnaranráðgjafurinn til þess að keppa um forsetaembætti.

Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Ítalíu og Þýskalands fordæmdu



Stuðningsfolk Assads kys utan kjörfundar í Moskvu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

kosningarnar í sameiginlegri fylfýsingu, kosningarnar væru hvorki frjálsar né sanngjarnar. Gagnrýni þeirra snerist meðal annars um að kosningarnar væru ekki haldnar innan rammfyrirkomulags sem fallist var á í ályktun Öryggisráðs sameinuðu þjóðanna árið 2015.

Þá var bent á að stór hluti landsmanna geti ekki greitt atkvæði þar sem hlutar Sýrlands eru enn í höndum uppreisnarmanna sem hafa haldið áfram vopnaðri baráttu gegn stjórn Assads frá því að borgarastyrjöld hófst árið 2011.

„An þess að þessara atriða sé gætt geta þessar falskosningar ekki stuðlað á nokkurn hátt að pólitískri úrlausn,“ sögðu utanríkisráðherrarinn. ■



Taka hefur þurft málið þrisvar fyrir í Héraðsdómi Norðurlands eystra eftir að upphaflegi dómarrinn flutti sig um set. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Dómaraskortur á Akureyri tafði mál um sex mánuði

”Lögfræðingar eru ekki ókeypis.“



Sigurður Höskuldsson, stjórnarformaður Orkuveitu Húsavíkur

Dómaraskortur og tilfærslur dómara milli embættanna hafa valdið töfum og kostnaði fyrir málsaðila í skaðabótamáli fyrrverandi þingmannshjóna gegn Orkuveitu Húsavíkur. Stjórnarformaður Orkuveitunnar segir meðferðina ekki boðlega en dómstjóri segir skortinn skýrast af veikindum.

kristinnhaukur@frettabladi.is

DÓMSMAL Sigurður Höskuldsson, stjórnarformaður Orkuveitu Húsavíkur, segir meðferð Héraðsdóms Norðurlands eystra í kröfumáli gegn fyrirtækinu ekki boðlega. Málið hefur tafist mikið, meðal annars vegna dómaraskorts, og fyrirtökurnar eru orðnar þrjár á kostnað málsaðila. „Lögfræðingar eru ekki ókeypis,“ segir Sigurður.

Í júní í fyrra stefndu hjónin Valgerður Gunnarsdóttir, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og Ólafgur Hinefjill Jónsson, fyrrverandi varþingmaður Samfylkingar, Orkuveitunni til greiðslu 24,7 milljóna króna. Telja þau að ekki hafi verið heimilt að leggja veitulögn í gegnum jörð þeirra, Stekkjarholt í Reykjavírhverfi, þegar verið var að tengja saman orkuskiðna á Húsavík og Hveravelli árið 1999.

„Við höfum ekki enn gert athugasemdir en okkur finnst þetta skryt-

ið því að málið hefur nú verið tekið þrisvar fyrir,“ segir Sigurður en tafir málsins voru ræddar á stjórnarfundum Orkuveitunnar á fimmtudag.

Kom fram í fundargerð að upphaflega hafi málið tafist um hálf ár vegna dómaraskorts. Þegar dómari fékkst loks til að taka málið fyrir hafi hann neitað að skila niðurstöðunni þar sem hann hafði í millitíðinni verið færður til í starfi. Sá dómari sem tók við krafðist annarrar fyrirtöku. Við þá fyrirtöku var lögmanni hjónanna heimilað að aðlaga málfletning sinn til samræmis við athugasemdir lögmanns

Orkuveitunnar í fyrri fyrirtöku og málinu frestað svo lögmáður Orkuveitunnar gæti aðlagð vörn sína til samræmis við nýtt upplegg stefnanda.

Sigrún Guðmundsdóttir, dómstjóri Héraðsdóms Norðurlands eystra, viðurkennir að vegna veikinda hafi verið dómaraskortur hjá embættinu. Hún segir að sá dómari sem upphaflega hafi tekið við málinu hafi ekki verið færður til heldur óskað eftir flutningi í annað embætti. En hann hafði jafnframt verið dómstjóri áður.

Sigrún segir að þeim dómara hafi ekki tekist að klára úrskurð um frávísunarkröfu og hún sjálf því tekið við málinu þann 15. apríl og boðað til nýs þinghalds 5. maí. „Lögmáður stefnenda mætti til Akureyrar en lögmáður Orkuveitunnar nýtti sér Teams fjarfundabúnað með samþykki dómara. Hann óskaði hins vegar eftir frestun flutningsins,“ segir Sigrún. Málinu hafi þá verið frestað til 20. maí. „Ég reiknaði með að málfletningur yrði í gegnum Teams fjarfundabúnaðinn en báðir lögmenn mættu til Akureyrar. Málfletningur fór fram og málið var tekið til úrskurðar.“

Aðspurð um málskostnaðinn segir Sigrún að um hann sé fjallað í lögum um meðferð einkamála. „Engin lagahæmild er til staðar að dómstoll greiði málskostnað,“ segir hún. ■

Landeldi
Íslenskt Sævan farm

Drög að tillögu að matsáætlun um stækkun Landeldis ehf. í Ölfusi

Drög að tillögu að matsáætlun um stækkun Landeldis ehf. í Ölfusi verður til kynningar á heimasíðu félagsins, landeldi.is, frá og með 27. maí 2021.

Athugasemdarfrestur er tvær vikur og óskast athugasemdir sendar á info@landeldi.is

Landeldi ehf.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Meirihluti fyrirtækja ánægður með aðgerðir stjórnvalda

birnadröfn@frettabladi.is

COVID-19 Aldrei hafa fleiri fyrirtæki hér á landi haft í hyggju að fjölga starfsfólki á næstu þremur mánuðum samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar Gallup sem gerð var fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Þetta kemur fram á vef Stjórnarráðsins.

Fjórðungur þeirra sem svöruðu könnuninni höfðu þurft að fækka starfsfólki vegna Covid-19 en nú hyggst þriðjungur svarenda fjölga starfsfólki. Í ferðajöfnustu sjá 70 prósent svarenda könnunarinnar fram á að fjölga starfsfólki á næstu þremur mánuðum.

Um sextu prósent fyrirtækja eru samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar ánægð með efnahagságerðir stjórnvalda vegna Covid-19 faraldursins og yfir helmingur þeirra telur sig vel í stakk búinn fjárhagslega til að takast á við næstu mánuði í kjölfar faraldursins.

Heldur færri fyrirtæki telja sig



Um 90 milljarðar hafa verið greiddir út vegna úrræða ríkisstjórnarinnar vegna faraldursins síðustu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

standa frekar eða mjög illa fjárhagslega til að glíma við afleiðingar faraldursins nú en fyrir rúmu ári síðan. 12,6 prósent fyrirtækja segjast standa frekar illa og tæp 30 prósent telja sig hvorki standa vel né illa. Þá telja 5,8 prósent fyrirtækja sig standa mjög illa fjárhagslega.

Undanfarna mánuði hafa verið greiddir út ríflega 90 milljarðar vegna úrræða ríkisstjórnarinnar

vegna faraldursins. Um 14,8 milljarðar hafa verið greiddir í tekjufalls- og viðspyrnustyrki, sem eðlað er að aðstoða rekstraröðla sem orðið hafa fyrir tekjufalli vegna faraldursins. Um tveir og hálfur milljarður hefur verið greiddur í lokunarstyrki og um 7,5 milljarðar hafa verið endurgreiddir aukalega af víðisaukaskatti, mest vegna nýbýggingar og viðhalds húsnæðis. ■